



# Félag íslenskra bifreiðaeigenda

ICELANDIC AUTOMOBILE ASSOCIATION

Alþingi

Erindi nr. P 128/1278

komudagur 24.2.2003

Nefndasvið Alþingis  
www.fib.is  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 19. febrúar 2002

Umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti af völdum bifreiða.

## Þungaskattur

Ljóst er að núverandi þungaskattskerfi er löngu gengið sér til húðar. Alþingi hefur oft tekið fyrir breytingar á lögum um þungaskatt og varið til þess mikilli vinnu og tíma. Auk alþingismanna hafa starfsmenn ráðuneyta, Ríkisskattstjóra og m.fl. eytt mörgum vinnustundum í það að reyna að betrumbæta ónýtt þungaskattskerfið. Það var von FÍB að á nú á vörþingi tæki Alþingi af skarið um að fara úr þungaskatti í oliugjald í anda frumvarps fjármálaráðherra um oliugjald og kílómetragjald sem lagt var fram í lok vörþings 2002. Frumvarpið virðist hafa dottið út af dagskrá en stjórn FÍB hvetur þingmenn til þess að tryggja að ekki verði frekari tafir á upptöku oliugjalds í stað þungaskatts.

Þungaskattur af dísilbílum er ranglátur skattur. Eðlilegast er að skattleggja dísilbíla eins og bensínbíla - með því að innheimta vegaskatta í olíuverðinu frá söludælu. Innheimtukerfi þungaskatts hefur fylgt ómælt skrifræði með tilheyrandi fyrirhöfn og kostnaði fyrir bíleigendur. Ranglætið er mest gagnvart eigendum léttu dísilfólksbíla sem aka nálægt árlegum meðalakstri.

Breytingar úr þungaskatti í oliugjald geta haft áhrif á tekjur ríkissjóðs en á móti kemur verulegur ávinningur: Minni olíunotkun, hagstæðari vöruskiptajöfnuður við útlönd, minni útlosun á gróðurhúsalofttegundum, minni mengun og orkusparnaður í stað orkusóunar.

Sjónarmið FÍB varðandi skattlagningu dísilbíla eru í aðalatriðum eftirfarandi:

- Olíugjald í stað þungaskatts dregur úr eldsneytiseyðslu og útlosun gróðurhúsalofttegunda.*
- Olíugjald í stað þungaskatts eykur meðvitund um olíunotkun sem stuðlar að betri orkunýtingu og dregur úr sóun.*
- Olíugjald er æskilegri skattlagning en þungaskattur, þar sem gjaldið hvetur menn til að leita bestu eldsneytisnýtingar og afleggja úreltan tækjafloa.*
- Sömu rekstrarforsendur eiga að vera fyrir fólksbíla, óháð því hvort þeir eru bensín- eða dísilknúinir og skattlagning á ekki að skekkja þær forsendur.*
- Það mælir með olíugjaldi að innheimta þess er öruggari en þungaskatts. Öll undanskot valda ranglátri skiptingu skattbyrði og skekkja samkeppnisstöðu einstaklinga og fyrirtækja.*
- Aukinn kostnað vegna litunar verður að innheimta af allri dísilolíunotkun. Jafnræði er grundvallaratriði. Það er óverjandi að skattleggja þá sem nota innan við fjórðung af dísilolíu hér á landi til að viðhalda skattleysi þeirra sem nýta hátt í 80% af olíunni.*
- FÍB setur fyrirvara varðandi þann mikla kostnað sem olíufélögin áætla að oliugjald með litun útheimti. Með hagræðingu í dreifingu eru fyrirbyggjandi tankar og dreifibúnaður*



MEMBER OF ALLIANCE  
INTERNATIONALE  
DE TOURISME

HEIMILIS- & PÓSTFANG:  
ADDRESS AND POSTAL ADDRESS:  
Borgartún 33 · IS-105 Reykjavík

SÍMI:  
TELEPHONE:  
+354 562 9999

MYNDSENDIR:  
TELEFAX:  
+354 552 9071

NETFANG:  
E-MAIL:  
fib@fib.is

KENNITALA:  
REG. NUMBER:  
530169-7749



sem væri hægt að nýta. Enn er ekki fullljóst hvort grípa þurfi til svo viðamikilla aðgerða í tengslum við litun líkt og olíufélögin ganga út frá í kostnaðarútreikningum sínum.

Ljóst er að olíugjaldið verður að endurspeglar notkun á vegakerfinu. Stórir bílar slíta vegum margfaldlega á við litla bíla. Það er ekki hægt að komast undan því að þessi staðreynd endurspeglar í gjaldbyrðinni. Sé pólitískur vilji til að niðurgreiða flutninga á landinu verður að gera það með sértækum sköttum en ekki með dulinni skattheimtu á fjölskyldubíla.

Auknar virðisaukaskattstekjur ríkissjóð eiga að skila sér í frekari lækkun olíugjaldsins til allra notenda ekki eingöngu til sérvalinna hópa.

### Naglaskattur?

Stjórnarfundur Félags íslenskra bifreiðaeigenda sem haldinn var á Egilsstöðum 15.-16. september 2001 mótmælti harðlega hugmyndum um að skattleggja sérstaklega þá bifreiðaeigendur sem aka á negldum vetrarhjólborðum innan leyfðra tímamarka fyrir þann öryggisbúnað. Stjórn FÍB telur að skattur á nagladekk geti verið aðför að umferðaröryggi, ekki síst á landsbyggðinni.

Í nýlegum gögnum frá Vágverket, sænsku vegagerðinni, kemur fram að þar í landi telja menn notkun nagladekkja ekki lengur vandamál. Samfara þróun sterkara slitlags hafa léttmálmsnaglar tekið við af „gömlu“ nöglunum sem dregur stórlega úr sliti á vegyfirborði.

### Vörugjald

Í dag eru vörugjald af nýrri bifreið sem flutt er til landsins 30% af fob-verði bifreiða með vélu allt að 2000 rúmsentímetrum. Sé vélin hins vegar stærri en 2000 rúmsentímetrar þá er vörugjaldið 45%. Bifreiðar til útleigu hjá bílaleigum, til ökukennslu og til leigubifreiðaksturs bera 10% og 13% vörugjald miðað við sömu vélarstærðir og hér að ofan.

Í þessu fyrirkomulagi felst að ríkisvaldið er að hlutast til um hvers konar bifreiðar íslenskar fjölskyldur kaupa. Öruggustu bílarnir standa eingöngu þeim betur megandi til boða. Neyslustýringin leggur stein í götu þeirra fjölskyldna í landinu sem vegna stærðar sinnar, búsetu eða annarra aðstæðna þurfa á stærri og öflugri bifreiðum að halda. FÍB leggst eindregið gegn íhlutun af þessu tagi.

Vörugjöld á bifreiðar hér á landi eru með því hæsta sem gerist í löndum á Evrópska efnahagssvæðinu og öðrum löndum sem við berum okkur saman við. Þau hafa það í för með sér að bifreiðar eru dýrari hér á landi en efni standa til –dýrari en í mörgum þéttbýlum og fjölmennum löndum þar sem þörfin fyrir að eiga bíl er ekki jafn brýn og hún er í stóru og strjálbýlu landi eins og Íslandi.

Bíllinn og rekstur hans er einn hæsti útgjaldaliður heimilanna í landinu. Með þeim breytingum sem um þessar mundir eru að verða á reglum Evrópska efnahagssvæðisins um sölu nýrra bifreiða, þá verður framleiðendum ekki lengur heimilt að verðleggja nýjar bifreiðar mismundandi eftir því hvaða land eða svæði á í hlut. Þeim verður skylt að selja framleiðslu sína á sambærilegu verði allsstaðar innan Evrópska efnahagssvæðisins. Til þessa hafa framleiðendur verðlagt bifreiðar lægra inn á markaði þar sem miklar ríkisálögur eru á nýjar bifreiðar. Afleiðingar hinna nýju reglna fyrir okkur Íslendinga verða því líklega þær að bifreiðar verða framvegis dýrari á Íslandi en verið hefur, verði ekkert að gert.



Virðingarfyllst,

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Runólfur Ólafsson